Qualified Electronic Signature
GUÐBJÖRG STELLA ÁRNADÓTTIR
2022-12-19 14:44:27 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR
2022-12-19 15:16:24 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 19. desember 2022
UST202201-303/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2018 - Olíudreifing ehf., Örfirisey, geymir T0109**

Umhverfisstofnun barst þann 6. desember 2022, þykktar- og segulsviðsmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Örfirisey. Geymirinn hefur fastanúmerið T0109 og eigendanúmerið 101.14.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1987.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf., þann 6. apríl 2018. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé ómálaður að innan. Hann er í góðu ásigkomulagi að innanverðu, gólf ásamt neðsta umfarinu er ótært að innan.
Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
***Sérfræðingur***

Sigríður Kristinsdóttir
***Teymisstjóri***